

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Þórustaðir.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 8. apríl 2021 breytt deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði ÍB20 í landi Þórustaða skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að einni íbúðarlóð er bætt við tvær lóðir sem fyrir voru skv. eldra skipulagi sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. apríl 2008.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41., 42. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 4. janúar 2022.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2022